

6. gr.

Stofnlán skv. 2. gr. skulu skilgreind þannig að undir hugtakið falli öll lán sjóðsins sem tryggð eru með veði í viðkomandi fiskvinnslustöð nema:

1. Lán úr hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.
2. Skuldbreytingarlán frá 1975—1976 og 1985.
3. Lán endanlega afgreidd eftir 31. desember 1986.

7. gr.

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 30. júní 1987.

8. gr.

Að öðru leyti skulu um lán þessi gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu á reglugerðum nr. 164 frá 13. apríl 1978 og nr. 218 frá 8. júní 1978 og nr. 336 frá 22. september 1978.

1. gr.

Fé það sem Fiskveiðasjóður Íslands hefur innheimt og sem sjóðurinn innheimtir af hagræðingarlánum skv. ákvæðum reglugerða nr. 164 frá 1978, nr. 218 frá 1978 og nr. 336 frá 1978 skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.

2. gr.

Að öðru leyti skulu um fé þetta gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 með síðari breytingum og reglugerða sem settar eru skv. þeim lögum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978, 5. gr. laga nr. 97/1972, g-lið 9. gr. laga nr. 106/1974, j-lið 1. gr. laga nr. 55/1975 og 22/1979, sbr. bráðabirgðalög nr. 95/1978, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 164 frá 13. apríl 1978 og nr. 218 frá 8. júní 1978 og nr. 336 frá 22. september 1978.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.